

Bæjarskrifstofur Garðabæjar	
Mótt.dags.	13.08.2018
Málalykill	9.33
Mál nr.	1804/30



Garðabær
Sólveig Helga Jóhannsdóttir skipulagsfræðingur
Garðatorgi 7
210 Garðabær

Reykjavík, 8. ágúst 2018
Tilvísun: 201806063 / 3.5

Efni: Tillaga að breytingu á deiliskipulagi Hnoðrahólts og Vetrarmýrar ásamt umhverfisskýrslu, fjölnota íþróttahús, Garðabær

Garðabær hefur, með erindi dags. 14. júní 2018, sent Skipulagsstofnun tillögu að breytingu á deiliskipulagi Hnoðrahólts og Vetrarmýrar, ásamt umhverfisskýrslu skv. 3. mgr. 7. gr. laga um umhverfismat áætlaða. Tillaga að deiliskipulagsbreytingunni og umhverfisskýrsla voru samþykkt til auglýsingar í bæjarstjórn 17. maí 2018. Auglýsingartími tillögunnar er frá 11. júní til 27. ágúst 2018.

Breytingartillagan er sett fram á ódagsettu kortblaði með uppdráttum í mkv. 1:2000 og greinargerð.

Í tillögunni er gert ráð fyrir staðsetningu íþróttamannvirkja á 26.627 m² lóð, þ.e. fjölnota íþróttahúsi, tengi- og þjónustubyggingu, íþróttahúsi og óskilgreindu íþróttamannvirki t.d. sundlaug, skautahöll eða tennishöll.

Í greinargerð tillögunnar segir að nýsamþykkt Aðalskipulag Garðabæjar 2018-2030 sé lagt til grundvallar deiliskipulagsbreytingunni auk þess sem fram kemur að í vinnslu sé gerð rammahluta aðalskipulags fyrir svæðið.

Skipulagsstofnun bendir á að deiliskipulagsbreytingin er ekki í samræmi við gildandi Aðalskipulag Garðabæjar 2016-2030 fyrir svæðið. Auglýsing breytingartillögunnar stenst því ekki ákvæði skipulagslaga þar sem auglýsing deiliskipulagstillögu skal vera í samræmi við aðalskipulag sbr. einnig 2. mgr. 41. gr. skipulagslaga. Stofnunin telur því ekki tímabært að yfirfara breytingartillöguna og umhverfismat hennar fyrr en fyrir liggur samþykkt og auglýst tillaga að breytingu á framangreindu deiliskipulagi sem er í samræmi við breytt aðalskipulag eða er samþykkt og auglýst samhliða tillögu að breytingu á aðalskipulagi, sbr. 2. mgr. 41. gr..


Unnsteinn Gíslason

